



Uppfærsla á Helsingforssamningnum

Skýrsla vinnuhóps Norðurlandaráðs

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Samantekt og tillögur	6
3. Sögulegt yfirlit	7
4. Efnistöð sem ætti að taka með í uppfærslu Helsingforssamningsins	8
5. Aðrir málaflokkar	29
6. Lokaorð	30
Fylgiskjal: Drög að forsætisnefndartillögu	31
Um ritið	33

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2024-713>

1. Inngangur

Hlutverk norræns samstarfs á Norðurlöndum og alþjóðlega er á sögulegum tímum með styrjöld í Evrópu og stöðugt og vaxandi óöryggi í heiminum. Öll norrænu ríkin eru aðilar að NATO og það skapar ný tækifæri í norrænu samstarfi. Samtímis stendur heimurinn frammi fyrir ýmsum miklum áskorunum. Minni líffræðileg fjölbreytni náttúrunnar og miklar loftslagsbreytingar. Gervigreind og netöryggi. Aukinn ójöfnuður og ógnir við lýðræðið.

Norrænt samstarf hefur líklega aldrei verið eins mikilvægt og nú og stjórnarskrá samstarfsins – Helsingforssamningurinn – verður að ávarpa áskoranir og tækifæri sem Norðurlöndin standa frammi fyrir. Við verðum að veita norrænu samstarfi svigrúm til að þróast, eflast og skipta máli með tilliti til þeirra tíma sem við lifum og þeirrar framtíðar sem við stöndum frammi fyrir. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á Norðurlöndum og um allan heim frá því að Helsingforssamningurinn var síðast uppfærður árið 1995 gefa tilefni til að spyrja ef ekki er ástæða til að endurnýja Helsingforssamninginn núna, hvenær þá?

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvað því að skipa vinnuhóp með víðtæka skírskotun til að taka afstöðu til þess hvort þörf væri á að uppfæra Helsingforssamninginn.

Skipan og umboð vinnuhópsins

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs ákvað á fundi 27. júní 2023 að skipa vinnuhóp til að meta þörfina á að uppfæra Helsingforssamninginn. Fulltrúar í vinnuhópnum koma frá norrænu þjóðþingunum átta í Álandseyjum, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Auk þess er forseti Norðurlandaráðs æskunnar í hópnum. Hinir fimm flokkahópar Norðurlandaráðs eiga fulltrúa í vinnuhópnum og þar er einnig tekið tillit til jafnréttissjónarmiða. Samsetning vinnuhópsins endurspeglar ósk forsætisnefndar Norðurlandaráðs um að þar séu fulltrúar þingmanna allra Norðurlandanna og allra pólitískra sjónarmiða. Fulltrúar vinnuhópsins hafa sífellt borið starfið undir landsdeildir og flokkahópa Norðurlandaráðs.

Fulltrúar í vinnuhópnum:

1. Annette Lind, flokkahópi jafnaðarmanna og Anna Falkenberg, flokkahópi miðjumanna frá 22. janúar 2024 (Danmörku)
2. Juho Eerola, Norrænu frelsi (Finnlandi)
3. Johan Dahl, flokkahópi miðjumanna (Færeyjum)
4. Mariane Paviassen, norrænun vinstri grænum (Grænlandi)
5. Hanna Katrín Friðriksson, flokkahópi miðjumanna (Íslandi), formaður vinnuhópsins frá 16. nóvember 2024
6. Jorodd Asphjell, flokkahópi jafnaðarmanna, formaður vinnuhópsins frá 23. ágúst til 11. október og Stein Erik Lauvås, flokkahópi jafnaðarmanna, frá 18. janúar 2024 (Noregi)
7. Lars Puss, flokkahópi hægrimanna (Svíþjóð)

8. Rasmus Emborg, Norðurlandaráði æskunnar, Anders P. Hansen tók við 1. janúar 2024
9. Mikael Lindholm, flokkahópi hægrimanna, Wille Valve, flokkahópi hægrimanna 16. nóv. til 12. des. 2023, Annette Holmberg-Jansson, flokkahópi hægrimanna 12. desember 2023 (Álandseyjum)

Vinnuhópurinn á samkvæmt umboði forsætisnefndar Norðurlandaráðs að meta þörfina á að uppfæra Helsingforssamninginn, þar á meðal þörfina á að bæta við nýjum málaflokkum í samninginn og uppfæra orðalag textans sem fyrir er. Markmiðið er að samningurinn tryggi eins góða ramma um norrænt samstarf og kostur er.

Skilningur vinnuhópsins á umboðinu

Starshópurinn túlkar hlutverk sitt í ljósi mikilla pólitískra hræringa á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi á síðustu árum. Nýjustu dæmin eru innganga Finnlands og Svíþjóðar í Atlantshafsbandalagið og breytingarnar sem orðið hafa á sviði öryggismála. Breytingarnar hafa opnað fyrir ný tækifæri og krefjast öflugra samstarfs á Norðurlöndum. Vinnuhópurinn vill varpa ljósi á sumar þessara breytinga í skýrslu sinni með skírskotun til Helsingforssamningsins.

Eigi framtíðarsýn Norðurlanda til ársins 2030 að verða að veruleika þarf að grípa til aðgerða. Vinnuhópurinn telur að endurskoðun Helsingforssamningsins, stjórnarskrár norræna samstarfsins, sé mikilvægt skref á þeirri vegferð Norðurlanda að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði heims. Endurskoðunin er þar að auki mikilvæg bæði þýðingu og framtíð norræns samstarfs. Samstarfinu er ætlað að skila eins miklu norrænu notagildi og unnt er sem þýðir jafnframt að Norðurlönd verði góður og öruggur staður að búa á.

Vinnuhópurinn telur að tillögurnar í skýrslunni muni leiða til Helsingforssamnings sem endurspeglir pólitískan veruleika á Norðurlöndum og í heiminum öllum á okkar dögum og metnað Norðurlandaráðs um að efla norrænt samstarf. Gerðar eru tillögur um að færa orðalag núgildandi greina til nútíma og að bæta við samninginn mikilvægum málaflokkum sem norrænt samstarf fæst við nú á tímum.

Vinnuhópurinn ákvað að tilgreina nokkur samstarfssvið, sum sem þegar er getið í Helsingforssamningnum en önnur eru hvergi nefnd. Þetta er gert til að sýna að þörf er á að breyta þeim greinum sem fyrir eru og fella nýja málaflokka inn í samninginn. Ýmsir mikilvægir málaflokkar í norrænu samstarfi eru ekki nefndir í skýrslunni með tilliti til lengdar hennar.

Skýrslan tekur fyrir stóra málaflokka sem hver um sig gæti kallað á lengri greinargerðir. Með tilliti til lengdar og tilgangs skýrslunnar er textinn almennt orðaður. Sama á við um tillögur vinnuhópsins. Vinnuhópurinn telur rétt að fela ríkisstjórn Norðurlanda að móta afmarkaðri tillögur að nýjum greinum og samningstexta.

Í viðauka skýrslunnar er að finna drög að forsætisnefndartillögu fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs til frekari afgreiðslu og ákvörðunar.

Fundir vinnuhópsins og skrifstofa

Vinnuhópurinn átti 10 fundi frá ágúst 2023 til apríl 2024. Fjóra fjarfundi og sex staðfundi í Noregi, Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Færeyjum. Vinnuhópurinn hefur notið krafta Kristínu Háfoss, framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs og Bjørns Willys Robstad aðalráðgjafa við stjórnsýsluna. Starfsfólk skrifstofu Norðurlandaráðs og þinganna í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Færeyjum hafa aðstoðað við fjar- og staðfundi vinnuhópsins.

Aðrir þátttakendur á fundum vinnuhópsins

Sérfræðingar:

Jan-Erik Enestam, höfundur Enestam-skýrslunnar, Finnlandi
Bertel Haarder, fyrrum stjórnmalamaður, Danmörku
Kristian Søby Kristensen, sviðsstjóri, Kaupmannahafnarháskóla
Bárður Larsen lektor, Háskólanum í Færeyjum
Knut Storberget sýslumaður, Innlandet fylke, Norge
Johan Strang prófessor, Helsinkiháskóla
Teija Tiilikainen, framkvæmdastjóri Hybrid Center of Excellency (CoE) í Helsinki
Pia Letto-Vanamo, prófessor, Helsinkiháskóla

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin:

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, samstarfsráðherra, Íslandi
Lulu Ranne, samgönguráðherra Finnlands
Ida Heimann Larsen, skrifstofustjóri á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar
Kai Koivumäki aðstoðarforstjóri og Merethe Løberg aðalráðgjafi, Norrænu velferðarmiðstöðinni (NVC)

Ola Elvestuen, formaður norrænu sjálfbærnefndarinnar
Veronika Honkasalo, formaður norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar
Eva Lindh, formaður norrænu velferðarnefndarinnar
Kjell-Arne Ottosson, formaður hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar

Anders P. Hansen, forseti Norðurlandaráðs æskunnar
Silje Karine Moutka, forseti Samþingsins, Noregi
Hans Wallmark, þingmaður og formaður ESB-nefndar sænska þingsins

2. Samantekt og tillögur

Skýrslan skiptist í þrjá inngangskafla þar sem settur er rammi fyrir skýrsluna. Í fjórða kafla koma fram mismunandi málaflokkar sem vinnuhópurinn vill að komi fram í uppfærðum Helsingforssamningi. Eitthvað af málaflokkunum koma þegar fram í núverandi samningi og í þeim tilfellum telur vinnuhópurinn að þörf sé á efnislegum eða málfarslegum breytingum. Þetta á við um umhverfismál, samgöngumál, velferðarmál, menningarmál og evrópskt samstarf.

Vinnuhópurinn fjallar einnig um málaflokka sem ekki koma fram í núverandi samningi en eru mál sem skipta máli í norrænu samstarfi dagsins í dag. Þetta á við um öryggis- og varnarmál, viðbúnað og samfélagsöryggi. Ásamt vinnunni við að fyrirbyggja og ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum eru eftirfarandi málefni sem vinnuhópurinn leggur til að tekin verði upp í Helsingforssamningnum. Vinnuhópurinn leggur til tvo möguleika í sambandi við kafla 4.9 „Aðilar að Helsingforssamningsins“.

Í 5. kafla er meðal annars bent á að skýrslan sé ekki tæmandi hvað varðar málaflokka sem taka ætti með í uppfærðum Helsingforssamningi. Vinnuhópurinn hefur valið málaflokka sem varpa skýru ljósi á hvað hafa þarf í huga þegar Helsingforssamningurinn er uppfærður.

Í viðauka skýrslunnar er að finna drög að forsætisnefndartillögu fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. Sögulegt yfirlit

Helsingforssamningurinn hefur verið kallaður stjórnarskrá norræns samstarfs og reynst góður rammi um samstarfið allt frá því að hann var undirritaður 23. mars 1963. Þeim degi er fagnað sem Degi Norðurlanda.

Helsingforssamningnum hefur áður verið breytt. Árið 1971 og 1974 var honum breytt þegar Norrænu ráðherranefndinni var komið á fót, 1983 og 1985 þegar staða Álandseyja, Færeyja og Grænlands var styrkt (með úthlutun tveggja sæta til hvers lands í Norðurlandaráði) og 1991, 1993 og 1995 vegna aðlögunar að ESB og EES. Breytingarnar tengdust að mestu samstarfsforminu. Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar að ráði á orðalagi og málaflokkum samningsins frá árinu 1962 ef undan er skilinn kaflinn um „umhverfisvernd“ sem var felldur inn í samninginn 1974.

Kemur ekki á óvart að Helsingforssamningurinn dregur dóm af stöðunni í alþjóðamálum eins og hún var þegar hann var gerður. Vináttusamningur Finnlands og Sovétríkjanna hafði mikið um það að segja að varnar- og öryggismálum var haldið utan við samninginn. Margt af því sem torveldaði og takmarkaði norrænt samstarf árið 1962 er engin hindrun lengur. Vinna á sviði viðbúnaðarmála, utanríkismála og varnarmála hafa með tíð og tíma orðið hluti af norræna samstarfinu. Með aðild Finna og Svía að Atlantshafsbandalaginu hafa almannavarnir, hervarnir og utanríkismál orðið aðkallandi málaflokkar í norrænu samstarfi.

Norrænt löggjafarsamstarf vegur þungt í Helsingforssamningnum en það á sér meira en 100 ára sögu eða frá fyrsta lögfræðingáþinginu 1872. Í aðdraganda Helsingforssamningsins sömdu löndin um vegabréfafrelsi á Norðurlöndum 1952 sem vegabréfasambandið leysti af hólmi 1954. Sama ár var samið um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og 1955 gerður sáttmáli um almannatryggingar. Norðurlönd hafa einnig í seinni tíð orðið ásátt um samninga. Nýr sáttmáli um almannatryggingar tók gildi 2014. Norðurlönd þurftu að stilla saman strengi sína vegna ESB-reglna.

Málaflokkarnir í Helsingforssamningnum og ákvæðin um þá bera þess vitni að hafa verið samin 1962. Mikilvæg málefni á borð við loftslagsmál, náttúru og sjálfbærni eru hvergi nefnd þótt til sé kafla í samningnum um umhverfismál. Varnir, viðbúnaður, samfélagsöryggi og stafræn væðing eru heldur ekki meðal málaflokka sem um er fjallað í samningnum. Þar að auki er orðalag samningsins gamaldags eins og sést til að mynda á tilvísun til „útvarps og sjónvarps“ í 13. grein.

Vinnuhópurinn vill að endurskoðun samningsins endurspegli betur norrænt samstarf og veruleikann á okkar dögum og metnað aðildarríkjanna.

4. Efnistöð sem ætti að taka með í uppfærslu Helsingfors-samningsins

4.1 Varnar- og öryggismál

Varnar- og öryggismál hafa orðið mikilvægur málaflokkur í norrænu samstarfi á undanförunum árum. Framvegis verður mikilvægt að skoða hvernig megi þróa það enn frekar og finna góða samstarfshætti.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Varnar- og öryggismála er ekki getið í Helsingforssamningnum.

Álit vinnuhópsins

Með aðild allra Norðurlanda að NATO breytast forsendur norræns samstarfs á mörgum sviðum. Það augljósasta er að mun meiri tækifæri gefast til samstarfs um sameiginlega skipulagningu og samræmingu varnar- og öryggismála á Norðurlöndum.

Af sögulegum ástæðum tekur Helsingforssamningurinn ekki til varnar- og öryggismála. Vináttusáttmáli Finnlands við Sovétríkin átti stóran þátt í því að ekki var hægt að fjalla um varnar- og öryggismál í norrænu samstarfi í upphafi sjöunda áratugs tuttugustu aldar. Þetta hefur breyst smátt og smátt síðustu 10-15 ár þar sem norræna samstöðuyfirlýsingin frá 2011 er mikilvægur áfangi. Með aðild allra norrænu ríkjanna í NATO hafa aðstæður breyst gjörsamlega. Sagan hefur tekið nýja stefnu og meta verður norrænt samstarf á þessu sviði upp á nýtt.

Vinnuhópurinn er sannfærður um að varnar- og öryggismál eigi eftir að vera mikilvægur málaflokkur í norrænu samstarfi í framtíðinni. *Aðkoma þjóðþinganna í samstarfi norrænu ríkisstjórnanna um öryggis- og varnarmál er mikilvæg og nýta ætti Norðurlandaráð sem vettvang til þess.*

Þróun öryggismála í heiminum eykur vægi svæðisbundins samstarfs. Þetta á einnig við í NATO. Norðurlöndin hafa löngum átt samstarf á mörgum sviðum. Gott og rótgróið skipulag samstarfsins í Norðurlandaráði gefur kost á að fjölga málaflokkum. Gott norrænt samstarf á sviði varnar- og öryggismála yrði styrkur fyrir NATO í heild.

Aukið samstarf á sviði öryggis- og varnarmála ætti að byggja á Nordic Defence Cooperation, NORDEFCO, sem stofnað var árið 2009 og er samstarf á sviði menntunar, æfinga og sameiginlegra innkaupa.

Það er álit vinnuhópsins að Helsingforssamningurinn eigi að endurspegla norrænt samstarf nútímans og eigi að taka til öryggis- og varnarmála. Vinnuhópurinn telur að þessu verði best náð með því að tilgreina varnar- og öryggismál sem málaflokk fyrir norrænt samstarf í Helsingforssamningnum.

Fjölpáttaógnir og netöryggi

Fjölpáttaógnir beinast gegn gildum sem skipta Norðurlönd miklu máli. Það eru ógnir sem beint er meðal annars að lýðræðislegum ferlum og mikilvægum innviðum en að þeim standa aðilar sem vilja raska stöðugleika í löndum okkar.

Fjölpáttaógnir geta stafað af bæði ríkjum og óopinberum aðilum. Oft er um óhefðbundnar og hagkvæmar leiðir að ræða sem ætlað er að koma markinu að óvörum. Aðferðirnar geta verið upplýsingaóreiðuherferðir, árásir á mikilvæga innviði, að beina hælisleitendum að tilteknum landamærastöðvum, erlendar fjárfestingar o.fl. Fjölpáttaógnir eru iðulega aðgerðir sem erfitt er að rekja og bregðast við. Engu að síður leggja Rússar og Kínverjar enga dul á að þeir beiti þeim og að markmiðið sé að veikja Vesturlönd.

Netöryggi er mikilvægur þáttur samfélagsöryggis í samfélögum sem verða æ stafvæddari. Víðtækum netárásum er beint gegn bæði atvinnulífi og opinberum stofnunum, og ýmsir hópar í Kína og Rússlandi eru afar virkir í þeim efnum.

Vinnuhópurinn telur mikilvægt að auka norrænt samstarf um netöryggi og varnir gegn fjölpáttaógnum. Í stafrænum heimi er þörf á alþjóðlegu samstarfi á mörgum stigum til þess að verjast netárásum. Lönd sem eiga samleið eins og Norðurlönd eiga meðal annars að bera saman reynslu sína af árásum sem þau hafa orðið fyrir og hvernig brugðist hefur verið við til að stöðva þær. Öflugt lýðræði skapar traust í samfélaginu. Þetta vita einræðisríki og reyna að veikja lýðræðið og þá ógn sem stjórnarháttum þeirra stafar af lýðræðinu.

Landsbundnar varnarmálanefndir starfa í mörgum norrænu landanna. Nefndirnar taka hver um sig tillit til norrænna sjónarmiða við mat sitt. Vinnuhópurinn telur að heildstæð yfirferð hjá norrænni varnarmálanefnd væri dýrmætt framlag til greiningar á norrænu samstarfi til framtíðar á þessu sviði á tímum örra breytinga.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar felli varnar- og öryggismál inn í Helsingforssamninginn.

4.2 Viðbúnaður og samfélagsöryggi

Góður viðbúnaður og samfélagsöryggi eru mikilvæg svið þar sem ríki eiga að tryggja öryggi borgaranna. Þróunin í heiminum kallar á norrænt samstarf á þessu sviði í samspili við varnar- og öryggismálin.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Viðbúnaður og samfélagsöryggis er ekki getið í Helsingforssamningnum.

Álit vinnuhópsins

Í nútímasamfélagi verður sífellt erfiðara að gera greinarmun á hernaðarlegu og borgaralegu öryggi. Dæmi um þetta er flutningur hergagna frá Danmörku og Noregi til Svíþjóðar og Finnlands sem á að eiga sér stað þegar hættuástand kemur upp. Þá verða innviðir á borð við hafnir, skipaleiðir, járnbrautir og hraðbrautir mikilvægar með tilliti til viðbúnaðar. Þola vegir og brýr slíka flutninga í núverandi ástandi? Hvernig er samstarfi háttað við þá einkaaðila sem að öllum líkindum munu sjá um stóran hluta flutninganna? Hver eiga hafnirnar? Hernaðarlegt öryggi verður algjörlega háð einkaaðilum og samstarfi við þá.

Norrænt samstarf um samfélagsöryggi og viðbúnað fer fram innan ramma Haga-samstarfsins. Þar funda norrænir ráðherrar sem hafa samfélagsöryggi á málefnasviði sínu. (Grænland, Færeyjar og Álandseyjar eru ekki aðilar að Haga-samstarfinu). Á tímum þegar mörkin milli hernaðaröryggis og almannaoöryggis verða æ óljósari er mikilvægt að tengja NORDEFCO og Haga-samstarfið betur saman í borgaralegu-hernaðarlegu samstarfi.

Árið 2019 samþykkti Norðurlandaráð stefnu um samfélagsöryggi.^[1] Í stefnunni er vísað til þess að almannavarnir norrænu landanna tilgreini meðal annars eftirfarandi atriði sem hugsanlegar ógnir við samfélagsöryggi: náttúruhamfarir, skógarelda, flóð, veðuröfgar, heimsfaraldra, samgönguslys, kjarnorkuslys, hryðjuverkaárásir, netárásir, mengun drykkjarvatns, olíumengun sjávar og skort á afhendingaröryggi eldsneytis, raforku eða matvæla. Ógnir af þessu tagi geta komið niður á einu norrænu landi en einnig haft afleiðingar fyrir nærliggjandi lönd. Með því að sameina þekkingu, reynslu og viðbúnað eru Norðurlöndin mun betur í stakk búin að mæta þessum ógnum en þau eru ein og sér.

Í stefnunni um samfélagsöryggi eru settar fram nokkrar tillögur um eflingu norræns samstarfs á sviði samfélagsöryggis og viðbúnaðarmála, m.a. að norrænu ríkisstjórnirnar skipi óháða nefnd sem falið verði að meta hvernig bestum árangri verði náð af norrænu samstarfi um samfélagsöryggi. Þá er bent á nokkur svið þar sem hægt er að efla norrænt samstarf um samfélagsöryggi.

Þörf er á fleiri norrænum æfingum við ýmsum neyðartilvikum. Þar standa

1. <https://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1362720/FULLTEXT02.pdf>

landamærasvæðin frammi fyrir sérstökum vanda. Vinna við afnám stjórnsýsluhindrana er mikilvægur hluti af vinnunni að viðbúnaðarmálum, einkum almannavörnum.

Vinnuhópurinn vill jafnframt benda á þörf á viðbúnaði og samstarfi á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Norðurslóðir breytast vegna loftslagsbreytinga en hækkun á hitastigi þar er næstum því fjórföld meðaltalshækkun í heiminum. Hafís bráðnar og ný hafsvæði opnast. Þetta hefur í för með sér aukna starfsemi á hafi stóran hluta árs, meðal annars fiskveiðar, siglingar skemmtiferðaskipa og vöruflutningar. Þessu fylgja nýjar og auknar kröfur um björgunarviðbúnað á sjó og umhverfiseftirlit á svæðinu. Vegalengdir þar eru miklar og innviðir ófullkomnir og því þurfa löndin að vinna náið saman. Þetta á við um landhelgisgæslu, björgunarsveitir og notkun gervihnatta til þess að fylgjast með hafsvæðum. Loftslagsbreytingarnar hafa einnig haft í för með sér aukinn áhuga á norðurslóðum frá löndum utan svæðisins.

Auk þess sem almannavarnakerfin þurfa að geta unnið saman þvert á landamæri norrænu landanna vill vinnuhópurinn einnig benda á mikilvægi þess að efla viðbúnað almennra borgara. Í Svíþjóð hafa verið gefnar út skýrar leiðbeiningar um það sem almenningur þarf að eiga til að efla eigin viðbúnað. Í Noregi er vika 44 helguð eigin viðbúnaði almennings þar sem almenningur er minntur á hvernig hægt er að tryggja eigin viðbúnað ef mikilvægir innviðir liggja tímabundið niðri.

Í kórónaveirufaraldrinum kom í ljós að norrænu löndin skortir norræn tilmæli og leiðbeiningar vegna hættuástands. Ef ríkisstjórnirnar fá einungis tilmæli sem miðast við viðkomandi land munu lausnirnar einnig fyrst og fremst miðast við viðkomandi land. Þörf er á norrænum tilmælum varðandi hættuástand sem nær yfir Norðurlönd. Í Enestam-skýrslunni frá 2021 og víðar er fjallað um tillögur að því hvernig megi fylgja þessu eftir í norrænu samstarfi^[2], og er nú unnið að því í Norrænu ráðherranefndinni.

Vinnuhópurinn telur að fjalla beri með skýrum hætti um norrænt samstarf á sviði almannavarna og viðbúnaðar í Helsingforssamningnum. Vinnuhópurinn telur eðlilegt að fela norrænu samstarfs-ráðherrunum meiri ábyrgð á því að efla norrænt samstarf um almannavarnir og almenna samhæfingu milli landa og fagsviða.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar bæti norrænu samstarfi um almannavarnir, viðbúnað og samfélagsöryggi inn í Helsingforssamninginn.

2. [Enestam IS.pdf \(norden.org\)](#)

4.3 Velferð og norræna velferðarlíkanið

Norræna velferðarlíkanið er mikilvæg ástæða þess að Norðurlöndin eru meðal bestu landa heims til að búa og lifa í og tróna efst á alþjóðlegum listum, meðal annars þegar mæld er hamingja og tekjujöfnun.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Samstarf í félagsmálum er mikilvægur kafli í núverandi Helsingforssamningi og er um það fjallað í 14.-17. grein:

14. gr. Samningsaðilar skulu leitast við að varðveita og þróa enn betur hinn sameiginlega norræna vinnumarkað samkvæmt þeim meginstefnum, sem markaðar hafa verið með fyrri samningum. Vinnumiðlun og starfsfræðsla skulu samræmdar. Frjáls skulu skipti á nemum í verknámi.

Stefna ber að samræmi í reglum hinna einstöku landa um vernd verkafólks og svipuð mál.

15. gr. Samningsaðilar skulu vinna að því, að ríkisborgarar Norðurlanda, sem dveljast í öðru Norðurlandanna en eigin landi, skuli svo sem framast er unnt njóta þeirra félagslegu hlunninda, sem ríkisborgarar dvalarlandsins njóta.

16. gr. Samningsaðilar skulu auka enn samstarfið að heilsugæzlu- og sjúkramálum, og umönnun áfengissjúklinga, svo og barnavernd og unglinga.

17. gr. Sérhver samningsaðili skal vinna að því, að læknisfræðilegt, tæknilegt eða annað áþekkt öryggiseftirlit sé framkvæmt á þann hátt, að skírteini eða vottorð um eftirlitið sé tekið gilt í hinum Norðurlöndunum.

Álit vinnuhópsins

Norrænt samstarf á sviði velferðar er víðtækt og hefur verið mikilvægur þáttur í samþættingu Norðurlanda. Mikilvægið kemur einnig fram í þeim sessi sem málaflokkurinn skipar í núverandi Helsingforssamningi.

Þróun norræna velferðarlíkansins varð sérlega mikilvæg eftir lok seinni heimsstyrjaldar og þríhliða samstarf atvinnulífs, launafólks og ríkis hefur verið burðarstoð líkansins. Þessi samfélagsgerð byggist á grunngildum lýðræðis, mannréttinda, samstöðu og trausts og sem slíkt hefur það þróast enn frekar. Velferðarríkið og norræna velferðarlíkanið eru einnig mikilvægir þættir í merkjavörunni „Norðurlönd“ og hefur vakið mikinn áhuga og athygli alþjóðlega.

Núverandi norrænt samstarf um velferðarmál er afar víðtækt. Löndin hafa gert með sér ýmsa samninga, til dæmis norræna sáttmálann um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Ein hinna tólf norrænu stofnana, Norræna velferðarmiðstöðin, hefur umsjón með miðlun nýrrar þekkingar og rannsókna á þessu sviði. Fjöldi samstarfsneta eiga samstarf um mikilvæg upplýsingaskipti. Að þeim koma til dæmis opinbert starfsfólk, samtök og sérfræðingar.

Aukin mismunur er ógn gegn velferð borgaranna og stöðugleika í heiminum. Velferðarlíkan Norðurlandanna stuðlar að jafnari og réttlátari skiptingu á verðmætum landanna. Norræna velferðarlíkanið getur því átt þátt í að leysa að hluta mikla áskorun af völdum vaxandi ójöfnuðar í heiminum og verið öðrum löndum hvatning.

Vinnuhópurinn telur afar mikilvægt að greiða fyrir efldu samstarfi um velferð á Norðurlöndum. Þegar samstarfið virkar ekki sem skyldi geta skapast slæmar stjórnsýsluhindranir sem bitna á norrænum borgurum.

Við verðum að bregðast saman, út frá norræna velferðarlíkaninu, við þeim miklu áskorunum sem verða á vegi samfélaga okkar. Hækkandi aldur íbúanna, þróun velferðartækni, aðstæður barna og ungs fólks, geðkvillar, betri og dýrari lyf eru meðal þeirra áskorana sem okkur gengur betur að leysa ef við stöndum saman á Norðurlöndum. Með samstarfi og því sem ólíkt er með löndunum tekst að þróa velferðarlíkanið.

Vinnuhópurinn telur að uppfærður Helsingforssamningur eigi að hafa heildrænni og almennari nálgun á velferðarsviðið þar sem norræna velferðarlíkansins er getið sérstaklega í texta samningsins. Þá eru greinar í kafla Helsingforssamningsins um velferðarmál sem eiga ekki lengur eins við, til dæmis síðasti liður 14. gr. (1) sem nefnir „frjáls skulu skipti á nemum í verknámi“. „Umönnun alkóhólsjúklinga“ (sjá grein 16) er t.d. dæmi um orðalag sem þarfnast endurskoðunar í Helsingforssamningnum.

Í heimsfaraldrinum sáum við að þjarmað var illilega að réttindum barna og ungs fólks. Vinnuhópurinn telur að með því að nefna réttindi barna og ungs fólks í endurskoðuðum Helsingforssamningi megi koma í veg fyrir að svipað endurtaki sig í framtíðinni. Félagsleg sjálfbærni byggist neðan frá og hefst hjá börnum og ungu fólki.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar uppfæri greinar í kafla Helsingforssamningsins um samstarf í félagsmálum, nefni sérstaklega norræna velferðarlíkanið í nýjum samningi, og bæti við börnum og ungu fólki sem sjálfstæðum málaflokki.

4.4 Menntun, rannsóknir, menningarmál og notkun eigin tungumáls

Í kjarna norræns samstarfs er samstarfið um menningu, tungumál og menntun.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Í Helsingforssamningnum er sjálfstæður kafli um „Samstarf í menningarmálum“ í 8.-13. grein:

8. gr. Fræðsla og menntun í skólum í sérhverju Norðurlandanna skal í hæfilegum mæli taka til fræðslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum, þar með töldum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.^[3]

9. gr. Sérhverjum samningsaðila ber að halda við og auka möguleika fyrir námsmenn, sem heima eiga í öðru Norðurlanda, til að stunda nám og þreyta próf við fræðslustofnanir hans. Skal þá, svo sem framast er unnt, leyft að taka gilt próf í hluta námsgreinar í einu landanna við lokapróf í einhverju hinna.

Nemandi ætti að geta fengið styrk frá landi sínu án tillits til þess í hvaða landi námið er stundað.

10. gr. Samningsaðilum ber að samræma þá fræðslu, sem veitt er af opinberri hálfu og miðar að því að veita heimild til að stunda ákveðna atvinnu.

Slík menntun ætti, svo sem unnt er, að veita sömu réttindi í sérhverju Norðurlandanna. Krefjast má þó þeirrar viðbótarmenntunar, sem nauðsynleg kann að vera vegna aðstæðna hverrar þjóðar um sig.^[4]

11. gr. Þegar um er að ræða að koma á fót fræðslustofnunum ber að hafa samstarf á þeim sviðum, sem hentugt þykir, með stöðugri samvinnu um áætlanir, sem um þetta eru gerðar og framkvæmd þeirra.

12. gr. Samstarfi í rannsóknum ber að haga þannig, að tiltækar fjárveitingar til rannsókna og önnur framlög til þeirra verði samræmd og notuð á þann hátt, sem bestur er, m.a. með því að setja á fót sameiginlegar stofnanir.

13. gr. Í því skyni að styðja og efla menningarþróunina, skulu samningsaðilar stuðla að frjálssu lýðfræðslustarfi á Norðurlöndum og samskiptum á sviði bókmennta, lista, tónlistar, leiklistar, kvikmynda og annarra menningarmála, m.a. með því að nýta þá möguleika, sem útvarp og sjónvarp hafa að bjóða.

3. Breytt með samkomulagi 15. júní 1983 nr. 1 (tók gildi 28. júní 1984).

4. Sbr. [EES-samningurinn: Viðauki VII](#) nr. 1 (tilskipun [2005/36/EB](#)).

Álit vinnuhópsins

Menningarsamstarfið er límið í norrænu samstarfi. Norræn sjálfsmynd okkar byggist nær alfarið á því nána menningarlega sambandi sem verið hefur á milli landanna um aldir.

Mikilvægi samstarfsins í menningarmálum sést ekki síst á sessi þess í Helsingforssamningnum. Menntun með frændþjóð, viðurkenning á (starfs)námi og mismunandi menningarsamstarf er þungamiðja í samningnum. Þrátt fyrir það er inntak 11. gr. sem fjallar um norrænt samstarf um „að koma á fót fræðslustofnunum“ fremur torskilið.

Vinnuhópurinn telur texta ákvæðanna um samstarf í menningarmálum bera skýr merki þess að hafa verið saminn fyrir 62 árum og að brýnt sé að uppfæra orðalagið. Dæmi um þörf á breyttu orðalagi er að finna í 13. grein þar sem segir í lokin að nýta beri þá möguleika „sem útvarp og sjónvarp hafa að bjóða“.

Vinnuhópurinn telur einnig nauðsynlegt að taka upp nýja málaflokka í Helsingforssamninginn. Fjölmíðlaumhverfið hefur tekið algerum stakkaskiptum frá sjöunda áratugnum. Tilkoma alþjóðlegu tæknirisanna, félagsmiðla og gervigreindar hefur mikil áhrif á daglegt líf fólks, í vinnu og almennum samskiptum.

Norrænt tungumálasamstarf er í stöðugri þróun. Markmiðið um gagnkvæman og bættan tungumálaskilning milli þeirra sem tala norrænu málin er óbreytt. Jafnframt er mikilvægt að huga eins vel og kostur er að litlu tungumálunum á Norðurlöndum, s.s. færeysku, grænlandsku og samísku. Máltækni þróast sífellt og getur komið smærri tungumálum sérstaklega að gagni. Norrænt samstarf á þessu sviði gæti átt þátt í að efla norrænu tungumálin og vísa veginn á alþjóðlegum vettvangi.

Tólfta grein fjallar um rannsóknasamstarf og ástæðu þess að samnorrænar stofnanir voru settar á fót. Víðtækt og gott rannsóknasamstarf á sér stað milli Norðurlandanna í dag, milli norrænna stofnana eins og NordForsk og í óformlegum samstarfsnetum sérfræðinga í ýmsum greinum.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar uppfæri greinar Helsingforssamningsins sem fjalla um menntun, rannsóknir, menningu, fjölmiðla og tungumál.

4.5 Loftslagsmál og náttúra

Umhverfismálin eru orðin einn helsti málaflokkurinn í samstarfi Norðurlanda. Í vinnunni að „Framtíðarsýn okkar 2030“ um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims þurfa loftslagsmál, náttúra og umhverfi að vera í öndvegi í öllu norrænu samstarfi.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Fjallað er um umhverfisvernd í 30.-32. grein Helsingforssamningsins.

30. gr. *Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf og við beiting hennar svo sem framast er unnt leggja umhverfisverndarhagsmuni annarra samningsaðila að jöfnu við hagsmuni síns eigin lands á því sviði.*

31. gr. *Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa umhverfisverndarreglur sínar í því skyni að á verði komið sem mestu samræmi, að því er varðar viðmiðunarmörk og meginreglur um losun úrgangs, notkun umhverfismengandi eiturefna og aðra umhverfisröskun.*

32. gr. *Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa ákvarðanir um náttúruverndar- og útivistarsvæði, svo og varðandi friðun og aðrar ráðstafanir til verndar jurtum og dýrum.*

Álit vinnuhópsins

Helsingforssamningurinn endurspeglar ekki hversu viðtækt norrænt samstarf í umhverfismálum er á okkar dögum. Hvergi er minnst á mikilvæga málaflokka á borð við loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni. Að mati vinnuhópsins er þetta galli á samningnum eins og hann er í dag og er því þörf á að breyta textanum að þessu leyti.

Mikilvæg vídd í norrænu samstarfi í dag er „Framtíðarsýn okkar 2030“ um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir 2030. Vinna við sjálfbærni (umhverfislega, efnahagslega og félagslega sjálfbærni) er samþætt starfi að grænum Norðurlöndum á öllum sviðum Norrænu ráðherranefndarinnar. Mikilvægi samstarfs sem þarf til að uppfylla markmið „Framtíðarsýnar okkar 2030“ endurspeglast ekki í Helsingforssamningnum.

Vinnuhópurinn telur að öryggis- og varnarmál tengist loftslagsmálum. Loftslagsbreytingar eiga oft þátt í að ýta undir þróun sem þegar er til staðar. Í norrænu löndunum hefur bráðnun jökla á Grænlandi mikil áhrif.

Stór hluti norræns samstarfs á sviði loftslags- og umhverfismála tengist samstarfi innan ESB og mótun regluverks þar. Í mörgum tilvikum er mikils virði að norrænt samstarf eigi sér stað áður en ráðist er í mótun regluverks á vettvangi ESB. Það sama á við um innleiðingu regluverksins í löggjöf landanna.

Vinnuhópurinn telur að loftslagsmál og verndun líffræðilegrar fjölbreytni eigi að vera mikilvægur málaflokkur í norrænu samstarfi í framtíðinni. Það á bæði við löndin sjálf og Norðurlönd í heild sem þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi í umhverfismálum. Norrænt

samstarf getur leikið mikilvægt hlutverk með því að setja skilyrði og leggja til þekkingu í alþjóðlega umhverfissamninga.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar felli loftslagsmálin inn í Helsingforssamninginn og uppfæri núverandi greinar um umhverfismál á þann veg að þær fjalli einnig um líffræðilega fjölbreytni og náttúru.

4.6 Samgöngumál og innviðir

Góðar samgöngulausnir yfir landamæri Norðurlanda skipta sköpum fyrir frekari samþættingu Norðurlanda. Þess vegna hefur Norðurlandaráð kallað eftir auknu og formlegri samstarfi á þessu sviði á undanförunum árum.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Samgöngumál eru nefnd „samfærðsel“ (á dönsku) í Helsingforssamningnum. Greinarnar í samningnum eru svohljóðandi:

26. gr. *Samningsaðilar skulu leitast við að treysta það samstarf, sem áður er hafið í samgöngumálum, svo og reyna að auka það samstarf í þeim tilgangi að auðvelda samgöngur og vöruskipti milli landanna og finna hagkvæma lausn þeirra vandamála, sem kunna að vera á þessu sviði.*

27. gr. *Gerð samgönguleiða um landsvæði tveggja eða fleiri samningsaðila skal framkvæmd með samráði milli hlutaðeigandi aðila.*

28. gr. *Samningsaðilar skulu leitast við að varðveita og auka það samstarf, sem orðið hefur til þess að lönd þeirra eru eitt umdæmi að því er vegabréfaskoðun varðar. Eftirlit með ferðamönnum, sem fara yfir landamæri milli Norðurlandanna, skal einnig að öðru leyti gera einfaldara og samræma.*

29. gr. *Samningsaðilar skulu samræma starfið að auknu umferðaröryggi.*

Álit vinnuhópsins

Texti samningsins ber þess merki að vera úreltur, orðalagið en einnig málaflokkarnir sem nefndir eru. Engu að síður bendir hann á mikilvægi norræns samstarfs á þessu sviði, til dæmis um gerð samgönguleiða yfir landamæri.

Samstarf um samgöngur yfir landamæri Norðurlanda skiptir máli fyrir áframhaldandi sjálfbæra samþættingu Norðurlanda. Þetta á meðal annars við um sameiginlegan vinnumarkað, atvinnuþróun, umhverfismál, viðbúnað og öryggismál.

Samgöngur eru forsenda fyrir ýmsu öðru norrænu samstarfi og ferðum yfir landamæri. Sú staðreynd að samgöngumál hafa sérkafla í Helsingforssamningnum sýnir að sviðið hefur verið og er enn mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi. Þrátt fyrir að ýmsum greinum samningsins sé ætlað að greiða fyrir samstarfi milli landa um samgöngumál eru greinarnar í Helsingforssamningnum augljóslega skrifaðar fyrir allt aðra tíma og endurspeгла ekki það víðtæka norræna samstarf sem á sér stað um samgöngumál.

Samgönguleiðir í norrænu löndunum hafa iðulega legið milli norðurs og suðurs. Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að efla tenginguna milli austurs og vesturs með það fyrir augum að auka samþættingu milli norrænu landanna. Öflug tenging austurs og vesturs mun fá aukið vægi þegar Svíar og Finnar eru gengnir í NATO og flutningar aukast á

hergögnum frá ströndum Noregs og austur á bóginn. Þetta á bæði við um vegi og járnbrautir.

Náið norrænt samstarf í samgöngumálum er einnig mikilvægt til að draga úr losun í þessum geira. Það getur snúist um rafvæðingu vegasamgangna og þróun grænna siglinga og flugsamgangna með jarðefnaeldsneytislásum leiðum innan Norðurlanda. Einnig er verið að vinna að samþættu framboði á almannasamgöngum milli landanna, til dæmis lestarsamgöngum.

Vinnuhópurinn sér að náíð norrænt samstarf hefur þróast milli ráðherra sem hafa samgöngumál á sinni könnu, þar má nefna samnorræna fundi fyrir fundi í ESB.

Það er skoðun vinnuhópsins að þörf sé á norrænni ráðherranefnd um samgöngumál þar sem allir ráðherrar Norðurlanda sem hafa samgöngumál á sinni könnu hittast og samræma og efla samstarfið á því sviði, eins og var fram til ársins 2005. Þetta er tillaga sem Norðurlandaráð hefur áður einhuga stutt, m.a. á fundi ráðsins á Akureyri árið 2018.

Samstarf um innviði og stafræna væðingu er nátengt samgöngumálum. Samfélög okkar eru stafvædd í stórum stíl sem felur í sér ýmis tækifæri til að þróa betri lausnir fyrir íbúana en einnig nýjar áskoranir varðandir lausnir og öryggi. Sérstakri ráðherranefnd um stafræna þróun hefur verið komi á þar sem ráðherrar frá Eystrasaltsríkjunum hafa tekið þátt.

Vinnuhópurinn telur eðlilegt að meta hvernig efla megi enn frekar norræna samstarfið hvað varðar stafræna þróun. Stafræn þróun varðar mörg svið eins og samfélagsöryggi, viðbúnað, umhverfi og þróun nýrrar þjónustu við íbúana. Stafræn þróun ætti því að vera hluti samstarfsins um samgöngumál og hana ætti að fjalla um almennt sem mikilvægan málaflokk í norrænu samstarfi.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar uppfæri textann um samgöngumál í Helsingforssamningnum þannig að hann endurspegli betur núverandi samstarf, tækifæri og metnað á sviði samgöngumála og bæti við norrænu samstarfi um stafræna innviði í Helsingforssamninginn.

4.7 Ungt fólk á Norðurlöndum, einnig Norðurlandaráð æskunnar

Börn og ungt fólk eru mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Bæði sem slík en einnig sem þátttakendur í ýmsum hlutum samstarfsins. Til að styrkja og treysta þessa stöðu þarf að fjalla um börn og ungt fólk í Helsingforssamningnum, m.a. hlutverk Norðurlandaráðs æskunnar.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Barna og ungs fólks er ekki getið sem þátttakenda í norrænu samstarfi í núverandi Helsingforssamningi.

Álit vinnuhópsins

Samfélagsþátttaka barna og ungs fólks hefur aukist verulega og tekið breytingum frá því að Helsingforssamningurinn var undirritaður 1962. Þetta á einnig við um þátttöku í norrænu samstarfi.

Ungt fólk á Norðurlöndum tekur æ meiri þátt í starfsemi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) er ráðgjafar- og samhæfingaraðili í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og heyrir undir samstarfsráðherrana.

Norðurlandaráð æskunnar (UNR) eru regnhlífarsamtök ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna á Norðurlöndum. UNR hélt sitt fyrst þing árið 1971 og hefur verið sjálfstæð stofnun frá árinu 2002. UNR er einnig fulltrúi pólitísku ungliðahreyfinganna hjá ýmsum norrænum samstarfsstofnunum, einnig Norðurlandaráði. Á undanförunum árum hefur UNR öðlast sjálfstæðara hlutverk með auknum stuðning eigin skrifstofu og er vettvangur ungs stjórnmálafólks á Norðurlöndum. Fagmannleg vinnubrögð hafa leitt til þess að UNR hefur axlað fleiri og áberandi hlutverk í Norðurlandaráði, staðið að eigin sumarbúðum og haldið árlegt þing. Kveðið er á um samstarf Norðurlandaráðs og Norðurlandaráðs æskunnar í starfsreglum Norðurlandaráðs. Ákvæðin heimila fulltrúum UNR að taka þátt með málfrelsi á þinginu og fundum forsætisnefndar og fagnefnda, en ekki atkvæðisrétt.

Norðurlandaráð býður ungu fólki, gegnum Norðurlandaráð æskunnar, að taka þátt í öllum fundum Norðurlandaráðs. Árið 2023 fengu fulltrúar UNR sams konar málfrelsi og allir þingmenn Norðurlandaráðs á þinginu. Aðkoma ungs fólks er í dag fest í sessi í allri grunnstarfsemi Norðurlandaráðs. Margar tillögur UNR að tilmælum hafa orðið að tilmælum Norðurlandaráðs til norrænu ríkisstjórnanna.

Það er álit vinnuhópsins að framlag ungmenna hefur jákvæð áhrif og er afar ánægður með það góða samstarf sem myndast hefur milli Norðurlandaráðs og Norðurlandaráðs æskunnar (UNR).

Vinnuhópurinn telur að börn og ungt fólk eigi að taka þátt í norrænu samstarfi og að tryggja eigi aðkomu þeirra eins og hægt er, einnig að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Ungt fólk á Norðurlöndum á að kynnast norrænum nágrönnum sínum snemma á ævinni. Eins og fram kemur í kafla 4.3. um velferð á Norðurlöndum telur vinnuhópurinn að geta eigi réttinda barna og ungs fólks sérstaklega í endurskoðuðum Helsingforssamningi.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norrænu ríkisstjórnirnar felli Norðurlandaráð æskunnar og börn og ungt fólk almennt inn í Helsingforssamninginn til að styrkja réttindi og raddir ungs fólks í norrænu samstarfi.

4.8 Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana

Vinnan við að koma á regluverki sem greiðir fyrir hreyfanleika yfir landamæri Norðurlanda hefur allt frá upphafi verið forgangsmál í norrænu samstarfi. Því miður hefur það sýnt sig að við gerð og framkvæmd nýrra reglugerða geta myndast nýjar hindranir fyrir hreyfanleika á milli Norðurlandanna. Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana hefur verið mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi á undanförunum 30 árum.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Stjórnsýsluhindranir eru ekki nefndar með beinum hætti í Helsingforssamningnum en í 21. grein er fjallað um að ryðja úr vegi hindrunum fyrir verslunarviðskiptum og í 24. grein segir að landamæraverslun eigi að valda íbúum landamæraheraðanna sem minnstum óþægindum.

Álit vinnuhópsins

Þótt stjórnsýsluhindranir séu almennt ekki nefndar með beinum hætti í Helsingforssamningnum má segja að samningurinn snúist um að greiða fyrir hreyfanleika og einingu milli norrænu landanna. Þetta á við um réttarsamstarf (2.-7. grein) sem snýst um að greiða fyrir sambærilegri réttarfarsþróun í löndunum, samstarfi í menningarmálum (8.-13. grein) sem meðal annars fjallar um menntun og tungumál og samstarfi í félagsmálum (14.-17. grein) sem fjallar meðal annars um þróun sameiginlegs norræns vinnumarkaðar. Í inngangi má einnig sjá að ríkisstjórnirnar vilja

„keppa [...] að sameiginlegum reglum á Norðurlöndum í svo mörgum greinum, sem unnt er“

Segja má að stjórnsýsluhindranir verði til þegar norrænu löndunum hefur ekki tekist að standa við skuldbindingar Helsingforssamningsins í núverandi mynd.

Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana á sér langa hefð í norrænu samstarfi. Eftir því sem regluverkið í samfélögum okkar eykst að umfangi aukast einnig líkurnar á því að stjórnsýsluhindranir myndist, annað hvort við mótnun reglnanna eða innleiðingu þeirra. Þetta gildir einnig um innleiðingu reglna ESB.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hefur tekið að sér samhæfa starfið við afnám stjórnsýsluhindrana. Ýmsar þjónustustofnanir hafa verið settar á fót til þess að leiðbeina almenningi og fyrirtækjum um regluverkið og ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi. Sem dæmi má nefna landamæraþjónustur (t.d. Morokulien á mörkum Svíþjóðar og Noregs), Info Norden og Stjórnsýsluhindranaráðið.

Stjórnsýsluhindranahópur starfar innan Norðurlandaráðs þar sem þingmenn sem vilja vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana funda. Stjórnsýsluhindranahópurinn vinnur náið með Stjórnsýsluhindranaráðinu. Hópurinn myndar hinn þinglega hluta norræna stjórnsýsluhindranastarfsins og getur m.a. vakið máls á þeim hindrunum, sem eru á lista Stjórnsýsluhindranaráðsins, innan þjóðþinga landanna.

Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana sem verða á vegi Norðurlandabúa sem vilja starfa, stunda nám, reka fyrirtæki o.s.frv. yfir landamæri Norðurlanda er grundvallarþáttur í norrænu samstarfi og veitir því réttmæti. Hún sýnir að norrænt samstarf tekur á raunverulegum vandamálum sem fólk rekur sig á í daglegu lífi sínu.

Til að ryðja úr vegi núverandi stjórnsýsluhindrunum má efla Stjórnsýsluhindranaráððið og umboð þess, auk þess að styrkja skuldbindingu norrænu ríkisstjórnanna í Helsingforssamningnum um að afnema stjórnsýsluhindranir.

Til að fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir gætu öll Norðurlöndin aukið skuldbindingar sínar í Helsingforssamningnum um að ríkisstjórnirnar meti og upplýsi þingin um nýjar reglur sem hafi áhrif á tækifæri borgaranna til að flytja sig um set yfir landamæri á Norðurlöndum.

Vinnuhópurinn telur að vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum sé orðin áberandi og mikilvægur þáttur í norrænu samstarfi og til að bæta samþættingu landanna. Helsingforssamningurinn ætti að endurspeglar þetta og varpa ljósi á mikilvægi þessa starfs.

Vinnuhópurinn telur að afnám stjórnsýsluhindrana sé svo mikilvægt að hann hvetur ríkisstjórnirnar til að finna eins skuldbindandi orðalag og hægt er um áframhaldandi vinnu að því að afnema og koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir milli Norðurlandanna.

Vinnuhópurinn leggur til:

Norrænu ríkisstjórnirnar felli vinnuna að því að afnema og koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir inn í Helsingforssamninginn eigi Norðurlöndin að verða samþættasta svæði heims.

4.9 Aðilar að Helsingforssamningnum

Helsingforssamningurinn er samstarfssamningur Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að efla samstarf milli landanna. Sjálfstæð réttindi Álandseyja, Færeyja og Grænlands samkvæmt samningnum varða meðal annars fyrirsvar þeirra í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni.

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Það eru ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem eru aðilar að Helsingforssamningnum. Það kemur fram í inngangsákvæði samningsins.

Greinar 1 til 43 í Helsingforssamningnum vísa til nánara norræns samstarfs á milli „samningsaðila“ og hafa eftirfarandi yfirskriftir eftir málefnasviðum: réttarsamstarf, samstarf í menningarmálum, samstarf í félagsmálum, samstarf í efnahagsmálum, samstarf í samgöngumálum, samstarf á sviði umhverfisverndar, annað samstarf og tilhögun norræns samstarfs.

Kveðið er á um samstarfið í greinum 44 til 59. Fyrsta málsgrein 44. greinar er svohljóðandi:

Í Norðurlandaráði starfa saman þjóðþing Norðurlandanna ásamt landsþingi Álandseyja, lögþingi Færeyja og landsþingi Grænlands og ríkisstjórnir landanna ásamt stjórn Álandseyja og landsstjórnunum Færeyja og Grænlands.

Í 47. grein er fjallað um samsetningu Norðurlandaráðs:

Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar, fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Þjóðþing Danmerkur kys 16 fulltrúa, ríkisþing Finnlands 18 fulltrúa, Alþingi 7 fulltrúa, stórþing Noregs og ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 20 fulltrúa og lögþing Álandseyja og Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert. Enn fremur kys hvert þing jafnmarga varamenn.

Frá árinu 1983 hafa Álandseyjar, Færeyjar og Grænland sjálf skipað sína fulltrúa í Norðurlandaráði, sjá 48. grein (2).

Kveðið er á um samstarfið í Norrænu ráðherranefndinni í greinum 60 til 67. Fyrstu tvær málsgreinar 60. greinar eru svohljóðandi:

Í ráðherranefnd Norðurlanda starfa ríkisstjórnir landanna saman.

Stjórn Álandseyja og landsstjórnir Færeyja og Grænlands taka þátt í starfi ráðherranefndarinnar.

(Árið 2004 var heiti landstjórnar Álandseyja breytt í „landskapsregering“)

Önnur málsgrein 63. greinar er svohljóðandi:

Ákvörðun sem tekin er samkvæmt samningi þessum er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar

og Grænland í þeim mæli sem þau lönd fallast á ákvörðunina í samræmi við sjálfstjórnarreglur.

Álit vinnuhópsins

Hvað varðar þennan kafla hefur vinnuhópnum sérstaklega verið litið til stöðu Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi og þá ramma sem Helsingforssamningurinn setur um þátttöku þeirra. Færeyskir, grænlenkir og danskir fulltrúar í vinnuhópnum hafa verið leiðandi í að varpa ljósi á málið. Í upphafi var einnig rætt hvort efla eigi samstarfið við Eystrasaltsríkin en það hefur ekki verið rætt nánar í vinnuhópnum.

Álandseyjar, Færeyjar og Grænland hafa í dag umtalsverð réttindi tengd þátttöku í Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Nokkur þeirra eru talin upp hér að ofan. Þá veitir Álandseyjaskjalið frá 2007 yfirlit yfir réttindi Álandseyja, Færeyja og Grænlands innan ramma Helsingforssamningsins og þátttöku þeirra í starfi norrænna stofnana og áætlana. Í Álandseyjaskjalinu er einnig lagt til að auka þátttöku Álandseyja, Færeyja og Grænlands á nokkrum sviðum.

Færeyingar óska eftir frekari réttindum en fram koma í Álandseyjaskjalinu og hafa oftar en einu sinni sótt um fulla aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Það gerðist seinast í kringum 2016/2017 og hefur meðferð málsins ekki verið lokið í Norðurlandaráði.

Sjálfstjórnarsamningar sem umrædd lönd hafa gert við Danmörku annars vegar og Finnland hins vegar eru mismunandi. Umfang sjálfstjórnar hefur þróast í takt við að þau hafa tekið yfir ábyrgð á fjölda pólitískra sviða. Í Færeyjum eru til dæmis öll lög sem varða Færeyjar samþykkt í færeyska þinginu, um 90-95% löggjafarinnar er færeysk en um 5-10% er dönsk. Álandseyjar og Grænland hafa mismunandi hlutfall innlendrar löggjafar á sviðum sínum.

Á fundum vinnuhópsins hefur sú skoðun komið fram að Álandseyjar, Færeyjar og Grænland öðlist réttindi og skyldur eins og sjálfstæðir aðilar að norrænu samstarfi.

Sjálfstjórnin er lifandi og í stöðugri þróun og snýst að miklu leyti um sjálfsákvörðunarréttinn. Sá réttur er mikilvægt norrænt gildi. Vinnuhópurinn hefur fengið skýr skilaboð frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi að löndin vilji aukið fyrirvar í norrænu samstarfi og að sú þróun sem á sér stað innan ríkissambanda og ríkja eigi að endurspeglast í norrænu samstarfi. Álandseyjar hafa gefið til kynna að þau styðji þá hugmynd að Álandseyjar, Færeyjar og Grænlandi hljóti aðkomu sem sjálfstæðir aðilar að hinu norræna samstarfi.

Komið hafa fram ólík sjónarmið á meðal fulltrúa í vinnuhópnum um í hvaða mæli skuli snert á þessu efni.

Vinnuhópurinn leggur til tvo möguleika:

að ríkisstjórnir norrænu landanna breyti Helsingforssamningnum á þann hátt að þátttaka í norræna samstarfinu byggji á jafnræði á milli landanna og að þátttaka Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norræna samstarfinu endurspegli þróun í sjálfstjórnarmálum og veiti sveigjanleika til að mæta mismun og framtíðarþróun.

eða

að ríkisstjórnir norrænu landanna kanni hvernig breyta megi Helsingforssamningnum þannig að hægt verði að auka aðkomu Álandseyja, Færeyja og Grænlands að norræna samstarfinu með hliðsjón af þeim lagarömmum sem stjórna sambandi Danmerkur, Færeyja og Grænlands annars vegar og Finnlands og Álandseyja hins vegar.

4.10 Sambandið við ESB/EES-samstarfið

Hvað segir í Helsingforssamningnum?

Um Evrópusamband er rætt í greinum 1, 33, 61 og 64 oft í sambandi við samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Eitt dæmi er í grein 1 (2):

„Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um sameiginleg hagsmunamál sem eru til umfjöllunar í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum og á evrópskum og öðrum alþjóðlegum ráðstefnum.“

Álit vinnuhópsins

Norrænu löndin eiga í mismunandi sambandi við ESB. Danmörk, Finnland og Svíþjóð eru í Evrópusambandinu. Ísland og Noregur eru aðilar að EES, sem gerir löndin í meginatriðum aðila að innri markaði ESB. Álandseyjar eru aðilar að ESB með undanþágum, m.a. varðandi virðisaukaskatt. Grænland og Færeyjar eru ekki aðilar að ESB.

ESB og EES tengjast flestum atriðum sem nefnd eru í Helsingforssamningnum í gegnum umtalsvert reglugerðastarf ESB. Þrátt fyrir að norrænu löndin séu með mismunandi tengingu við ESB skiptir þróunin innan sambandsins öll löndin máli. Samband Norðurlanda við ESB og EES var grundvöllur síðustu breytinga á Helsingforssamningnum í upphafi tíunda áratugarins.

Núverandi orðalag í Helsingforssamningnum um Evrópusamstarf er á almennum nótum og oftast er vísað til þess sem „evrópskt og annað alþjóðlegt samstarf“. Þetta þrátt fyrir að ESB-samstarfið sé mun umfangsmeira og hafi umtalsvert meiri áhrif á hversdagslegt líf norrænna borgara en annað alþjóðlegt samstarf.

Evrópska samstarfið snýst að miklu leyti um daglegt líf borgaranna og er tengt þingstarfi landanna sem eru aðilar að ESB. Þetta er öðruvísi en annað samstarf, til dæmis Sameinuðu þjóðirnar, sem snýst meira um alþjóðleg viðmið og gildi og fer mest fram á sviði embættismanna og ráðherra.

Það er álit vinnuhópsins að norræn samvinna innan evrópskra og alþjóðlegra stofnanna skipti miklu máli. Þá telur vinnuhópurinn að Evrópusamstarfið hafi mikil áhrif á norrænu löndin og að því ætti að halda á lofti með skýrum hætti, sérstaklega í Helsingforssamningnum. Sérstaklega er ESB-samstarfið mikils virði fyrir vinnuna gegn stjórnsýsluhindrunum bæði varðandi samræmingu regluverks og innleiðingu reglna innan landanna. Vinnan gegn stjórnsýsluhindrunum er mikilvægur þáttur í norræna samstarfinu til að tryggja frjálsa för innan Norðurlanda. Þess vegna ætti ESB-samstarfið að fá aukið hlutverk í vinnunni fyrir norrænt svæði án landamærahindrana.

Það er álit vinnuhópsins að í Helsingforssamningnum ætti umfjöllun um samstarf við ESB/EES að vera mun ákveðnari, bæði hvað varðar undirbúning nýs regluverks og innleiðingu þess. Það mundi veita norrænum borgunum mikið norrænt notagildi.

Vinnuhópurinn leggur til:

Að norræna samstarfið í ESB og EES fái meira áberandi hlutverk í Helsingforssamningnum með fastara orðalagi um norræna samvinnu um mótun og innleiðingu nýs regluverks.

5. Aðrir málaflokkar

Eins og fram kemur í kafla 1.0 ákvað vinnuhópurinn að benda á nokkra málaflokka í 4. kafla sem vinnuhópurinn telur að sýni á ýmsan hátt að þörf sé á endurskoðun Helsingforssamningsins.

Vinnuhópurinn hefur einnig metið hvað beri að taka með í almenna grein eða inngangsorð sem tengist mikilvægum norrænum gildum eins og lýðræði, mannréttindum og jafnrétti sem norrænt samstarf byggist á. Þetta er mikilvægur grundvöllur fyrir norrænu löndin og verður ríkisstjórnunum falið að meta hvernig þau gildi verði felld með viðeigandi hætti inn í uppfærðan Helsingforssamning.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa unnið ötullega að því að þróa inngildandi samfélag Norðurlanda fyrir alla íbúa. Það getur verið aðlögun innflytjenda, inngilding fólks með geðræna eða líkamlega fötlun og viðurkenning ýmissa minnihlutahópa. Viðurkenning þess að Norðurlöndin búi yfir miklum fjölbreytileika og gildi þessa má gjarnan endurspeglast í endurskoðuðum Helsingforssamningi.

Réttindi frumbyggja á Norðurlöndum hafa einnig verið rædd, einkum staða Sama sem búa í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Norðurlandaráð hefur aukið samstarf sitt við Þingmannaráð Sama á undanförunum árum með þátttöku á þingum og nefndarfundum. Ríkisstjórnunum verður falið að meta stöðu norrænna frumbyggja í norrænu samstarfi.

Réttarsamstarfs og samstarfs í orkumálum er ekki getið í skýrslunni með tilliti til lengdar skýrslunnar. Að því leyti sem norrænu ríkisstjórnirnar vilja styrkja orðalagið í Helsingforssamningnum um norrænt alþjóðasamstarf mætti bæta því við í framhaldi vinnunnar. Þeir málaflokkar sem nefndir eru í skýrslunni er ekki tæmandi listi.

Málaflokkur sem fjallað er um víða í skýrslunni er þörfin á að uppfæra orðalag Helsingforssamningsins. Tungumálið og dæmin sem nefnd eru í samningnum er úrelt. Það á meðal annars við um 13. grein sem vísar á möguleika „útvarps og sjónvarps“ fyrir menningarsamstarf og 14. grein sem nefnir „frjáls skipti á nemum í verknámi“. Uppfært orðalag nær einnig til þess sem ekki stendur í samningnum en eðlilegt væri að taka með væri samningurinn skrifaður í dag. Það gæti verið umfjöllun um fjölmiðlaþróun í kaflanum um menningarsamstarf, eða að ekki er minnst á loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni í kaflanum um samstarf í umhverfismálum.

Þá vill vinnuhópurinn benda á að samband Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar er mikilvægt málefni í Helsingforssamningnum en vinnuhópurinn kýs að fara ekki nánar út í þá sálma að sinni. Verði rætt um skipulag og samstarfshætti Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í sambandi við endurskoðun Helsingforssamningsins, verður sú endurskoðun að fara fram þegar lagt hefur verið mat á núverandi skipulag og í samstarfi við framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs og framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar.

6. Lokaorð

Vinnuhópurinn vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í fundunum. Sérþekking þeirra og skilningur hefur skipt sköpum fyrir matið í skýrslunni.

Það sem helst hefur vakið athygli vinnuhópsins við gerð skýrslunnar og tillagnanna er að miklar breytingar eiga sér stað í norrænu samstarfi sem í senn opnar upp og kallar á aukið samstarf á Norðurlöndum. Uppfærsla Helsingforssamningsins mun efla Norðurlönd og verða grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarf landanna.

Ríkar ástæður eru fyrir því að ekki hafa verið gerðar miklar breytingar á Helsingforssamningnum á þeim árum sem liðið hafa. Heildarsamningar um samstarf milli landa liggja yfirleitt fast. Þær miklu breytingar sem orðið hafa í norrænu en einnig öðru alþjóðasamstarfi á síðari árum hefur hleypt krafti í norrænt samstarf og veitt því aukið vægi. Sérstaklega mikilvægt er breytt ástand í öryggismálum sem skapar alveg ný skilyrði fyrir samstarfi á Norðurlöndum.

Þingmenn í vinnuhópnum eru sannfærðir um að endurskoðaður Helsingforssamningur muni styrkja norrænt samstarf til framtíðar og leggja til við forsætisnefnd Norðurlandaráðs að hún beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær uppfæri Helsingforssamninginn.

Fylgiskjal: Drög að forsætisnefndartillögu

Forsætisnefndartillaga um uppfærslu Helsingforssamningsins

Tillaga

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs leggur til

Norðurlandaráð beini þeim tillögum til norrænu ríkisstjórnanna

að skipa norræna nefnd sem vinni tillögur að breytingum að uppfærðri útgáfu af Helsingforssamningnum,

að tillögur nefndarinnar innihaldi m.a.:

Nýjar greinar um norrænt samstarf um:

- Varnar- og öryggismál
- Almannaoöryggi, viðbúnað og samfélagsöryggi;
- Loftslagsmál
- Réttindi barna og ungs fólks og inngilding þeirra í norrænt samstarf almennt, þar á meðal hlutverk Norðurlandaráðs æskunnar;
- Stjórnsýsluhindranir – afnám og fyrirhyggju;

Uppfærðar greinar um norrænt samstarf svo þær eigi betur við samstarf og metnað sem felst í norrænu samstarfi í dag um:

- Félagsmál, þar á meðal nefna norræna velferðarlíkanið og leggja áherslu á inngildingu barna og ungs fólks sem sjálfstæðan málaflokk;
- Menntun, rannsóknir, menning og tungumál;
- Umhverfismál, þar á meðal líffræðilega fjölbreytni og náttúru;
- Samgöngumál, þar á meðal stafræna innviði;
- Aðila að Helsingforssamningnum, þar á meðal að þátttaka í norrænu samstarfi byggist á jafnræði milli landanna og að þátttaka Álandseyja, Færeyja og Grænlands í norrænu samstarfi endurspegli þróunina í sjálfstjórnarlöndunum og veiti sveigjanleika fyrir það sem ólíkt er og þróun til framtíðar, eða að ríkisstjórnir norrænu landanna kanni hvernig breyta megir Helsingforssamningnum þannig að hægt verði að auka aðkomu Álandseyja, Færeyja og Grænlands að norræna samstarfinu með hliðsjón af þeim lagarömmum sem

stjórna sambandi Danmerkur, Færeyja og Grænlands annars vegar og Finnlands og Álandseyja hins vegar.

- Að norræna samstarfið í ESB og EES fái meira áberandi hlutverk í Helsingforssamningnum með fastara orðalagi um norræna samvinnu um mótun og innleiðingu nýs regluverks.

Almenna uppfærslu orðalags í samningnum og að tekin verði með norræn grundvallargildi eins og lýðræði, mannréttindi og jafnrétti;

að stefnt sé að því að tillaga nefndarinnar að uppfærðum Helsingforssamningi liggi fyrir 2025 og geti tekið gildi 2026 (30 árum eftir að síðasta uppfærsla tók gildi);

að Norðurlandaráð eigi fulltrúa í nefndinni og að nefndin starfi í samráði við Norðurlandaráð.

Bakgrunnur

(Bætt við hluta af umfjöllun skýrslunnar á aðdragandanum og vísað í skýrsluna)

Sjónarmið forsætisnefndar

(Bætt við eftir að forsætisnefnd hefur afgreitt drög að forsætisnefndartillögu)

Staður, dagsetning 2024

(Þingmenn í forsætisnefnd)

Um ritið

Uppfærsla á Helsingforssamningnum – Skýrsla vinnuhóps Norðurlandaráðs

PolitikNord 2024:713

ISBN 978-92-893-7847-5 (PDF)

ISBN 978-92-893-7848-2 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-713>

© Norðurlandaráð 2024

Útgefið: 9.4.2024

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norðurlandaráð

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur